

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á uppdrætti af áður staðfestu aðalskipulagi Sauðárkróks og staðfestingu á deiliskipulagi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 6. mars 1987 staðfest eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi Sauðárkróks:

Tenging Aðalgötu við Strandveg flyst frá svæði gegnt Gömlu bryggju norður að Klakstöð.

Kambastíg (Kristjánsklauf) verður lokað fyrir akstri milli Skógargötu og Kaupvangstorgs.

Lindargötu verður lokað fyrir akstri við Kaupvangstorg.

Bjarkargötu (Freyjugötu) verður lokað fyrir akstri austan við Aðalgötu nr. 18.

Ný gata, Lindarbrekka, verður lögð frá norðurenda Skógargötu norður á Lindargötu á mótis við nýja tengingu Aðalgötu og Strandvegar.

Aðalgata verður vistgata.

Iðnaðarsvæði milli Freyjugötu og Strandvegar verður íbúðasvæði.

Sama dag staðfesti ráðuneytið einnig deiliskipulagsuppdrátt af gamla bænum.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið staðfestir af bæjarstjórn Sauðárkróks og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 327 21. júní 1982.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. sbr. rgl. 149/1983 skal bann við öllum veiðum á svæði fyrir Suðurlandi ekki taka gildi fyrr en frá með 3. apríl 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð 18. mars 1987, um viðauka við reglugerð nr. 327 21. júní 1982.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. mars 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Sigþórsson.